kr. 124.401,50 umfram þær kr. 177.103 sem fram eru taldar í greindum skjölum, eða alls kr. 301.504,50.

Samkvæmt þessu hefði erfðafjárskattur hvers erfingja átt að vera kr. 15.075 eða kr. 6.220 hærri en erfingjar gera ráð fyrir í erfðaskýrslu sinni, sbr. 4. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt, sbr. og 22. gr. sömu laga og auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 466, 9. október 1987.

Í samræmi við þetta og samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 83/1984, sbr. 1. mgr. sömu greinar, ber að ákvarða hverjum erfingja viðbótarerfðafjárskatt að upphæð kr. 5 x 6.220 = kr. 31.100.

Á l y k t u n a r o r ð:

Erfingjar Matthildar Sigurðardóttur, nnr. 6560-8278, er lést 18.01. 1987, þau Ásgeir J. Guðmundsson, nnr. 0664-3220, f. 09.02. 1935; Halldór S. Guðmundsson, nnr. 3580-4609, f. 13.10. 1930; Jónína Guðmundsdóttir, nnr. 5307-7234, f. 19.04. 1932, og Kristín S. Guðmundsdóttir, nnr. 5745-4717, f. 17.02. 1937, greiði hver um sig viðbótarerfðafjárskatt að upphæð kr. 31.100 til erfðafjársjóðs.

Fimmtudaginn 15. september 1988.

Nr. 194/1988. **Eigandi og útgerðarmaður m/s Kongsaa**
gegn
eigendum og áhöfn b/v Stálvíkur

Kærumál. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Eigandi og útgerðarmaður m/s Kongsaa hefur með kæru dags. 24. maí sl. kært skýrslugjafir sex vitna fyrir bæjarþingi Siglufjarðar sem fram fóru miðvikudaginn 27. apríl sl. Kröfur hans eru þær að „dómsathöfn þessi verði ómerkt auk þess sem réttarhaldsbeiðanda

verði gert að greiða kæranda málskostnað fyrir Hæstarétti". Kæru þessa byggir sóknaraðili á staflið c 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Af hálfu eigenda og áhafnar b/v Stálvíkur, sem báðu um skýrslugjafir þessar, hefur verið skilað greinargerð og þær kröfur gerðar að kærunni verði hrundið.

Aðdragandi máls þessa er sá að hinn 4. mars sl. tók b/v Stálvík m/s Kongsaa í tog úti fyrir Raufarhöfn og dró það suður fyrir Langanes. Þar rákust skipin saman, leki kom að b/v Stálvík og hætti skipið þá drættinum. Annað skip dró síðan m/s Kongsaa inn á Seyðisfjörð. Deila útgerðir skipanna um hvort hér var um björgun að ræða. Sjópróf fór fram á Seyðisfirði þann 5. mars sl. og komu þá fyrir dóm áhöfn m/s Kongsaa og skipstjóri b/v Stálvíkur. Aðrir úr áhöfn b/v Stálvíkur voru bundnir við að færa skipið til viðgerðar á Akureyri. Í lok sjóprófsins var bókað: „Dómendur voru sammála um að ekki væri ástæða til að leiða fleiri vitni. Dómendur taka fram að þeir telji sjóprófinu lokið, enda komi ekki fram krafa um framhaldssjópróf." Eigendur og áhöfn b/v Stálvíkur óskuðu síðan eftir framhaldi sjóprófs. Var ákveðið að halda það 29. mars sl. en var þá frestað þar sem lögmaður m/s Kongsaa taldi sig forfallaðan. Sjópróf var síðan boðað á ný 27. apríl sl. Þann dag var lagt fram á bæjarþingi Siglufjarðar beiðni um lögreglurannsókn, endurrit úr bæjarþingsbók Seyðisfjarðar, ljósmyndir af tjóni á b/v Stalvík og sex skýrslur gefnar fyrir lögreglunni á Siglufirði. Skýrslugjafarnir komu síðan fyrir dóm hver í sínu lagi. Eftir þeim er bókað efnislega samhljóða: Vitninu er kynnt vitnaábyrgð og áminnt um sannsögli. Lögð er fram framburðarskýrsla vitnisins fyrir lögreglu dags. í dag. Vitnið segir skýrsluna rétta og staðfestir undirskrift sína undir skýrslunni.

Lögmaður sóknaraðila heldur því fram að hann hafi ekki fengið dómsendurrit hinna kærðu skýrslugjafa fyrr en 19. maí sl. Hann kveðst hafa verið forfallaður þann 27. apríl sl. þá er þingað var í málinu á Siglufirði og hafi hann tilkynnt það. Þá byggir hann á því að óskir áhafnar b/v Stálvíkur um endurupptöku málsins séu órökstuddar og ekki nægilegt tilefni endurupptöku þess. Verði litið á fyrirtekt málsins fyrir bæjarþinginu sem sjópróf hafi það ekki farið að hætti 13. kafla siglingalaga nr. 34/1985. Samkvæmt upp-

lýsingum útgerðar b/v Stálvíkur sé ráðgert að nota skýrslur þessar sem gögn í hugsanlegu dómsmáli vegna ágreinings aðila um björgunarlaun og verði því ekki hjá því komist að krefjast ómerkingar á dómsathöfn þeirri sem hugsanlega teldist gefa vitnisburðum þessum vægi.

Af hálfu eigenda b/v Stálvíkur hefur verið skilað greinargerð og því haldið fram að nauðsynlegt hafi verið að biðja um framhaldssjópróf á Siglufirði til þess að fá vitnisburð skipverja b/v Stálvíkur og yfirmanns talstöðvarþjónustu sem fylgst hafi með fjarskiptum skipanna.

Kæra sóknaraðila er ekki heimil samkvæmt c-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands og ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.